

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/56

2016/EES/44/27

frá 19. janúar 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 18. apríl 2013 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á rósmarínkjarna (E 392) sem þrávarnarefni í smyrjanlega fitu, þ.e. í matvæli sem falla undir matvælaflokk 02.2.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Samkvæmt umsókninni þarf að nota rósmarínkjarna (E 392) til að viðhalda gæðum og stöðugleika smyrjanlegrar fitu með minna en 80% fituinnihaldi, þar sem innihald fjölómattaðra fitusýra er yfir 15% af þyngd heildarfitusýrunnar og/eða þar sem innihald fisklýsis eða þörungaolíu er yfir 2% af þyngd heildarfitusýrunnar, með því að verja hana skemmdum af völdum oxunar.
- 5) Hinn 7. mars 2008 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) álit ⁽³⁾ um notkun rósmarínkjarna sem matvælaaukefni. Á grundvelli öryggismarka, sem fást með því að notast við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif ⁽⁴⁾ úr mismunandi rannsóknum, þar sem hæsta prófaða skammtastærð miðaðist við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, og með því að áætla fæðutengd váhrif hóflega var komist að þeirri niðurstöðu að notkun rósmarínkjarna við tillagða notkun og notkunarmagn, eins og lýst er í vísindalega álitinu, skapi ekki öryggisvanda. Í álitinu var ekki fjallað um notkun rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu.
- 6) Hinn 7. maí 2015 gaf Matvælaöryggisstofnunin út álit ⁽⁵⁾ um rýmkun á notkun rósmarínkjarna (E 392) í smyrjanlega fitu. Við matið var tekið tillit til neyslu á ýrðum fitulausnum með fituinnihaldi sem er undir 80%. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tillögð rýmkun á notkun breytti ekki áætluðum váhrifum af völdum matvælaaukefnisins, samanborið við þá notkun sem þegar hefur verið leyfð, og að niðurstöður úr álitinu frá 7. mars 2008 séu enn í gildi.
- 7) Af þeim sökum er rétt að leyfa notkun á rósmarínkjarna (E 392) sem þrávarnarefni í smyrjanlega fitu með fituinnihaldi undir 80% sem fellur undir matvælaflokk 02.2.2. í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.
- 8) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2008 721, 1-29.

⁽⁴⁾ Mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) — skammtur eða styrkur efnis sem er prófað þar sem engin skaðleg áhrif finnast.

⁽⁵⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(5), 4090.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
